

SAMTÖK VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA
Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 8. desember 1998

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 123/491
komudagur 8.12.98


Efni: Umsögn um frv. um breytingu á tekjuskattslögunum (278. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 23. nóvember 1998, þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (278. mál).

Samtökin fagna þeirri tillögu sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins að kaup á hlutabréfum verði frádráttarbær frá tekjum enn um sinn. Samtökin telja að þessi frádráttarmöguleiki hafi átt drjúgan þátt í að efla hlutabréfamarkaðinn hér á landi. Þau benda hins vegar á að enn er markaðurinn hlutfallslega minni hér á landi en í helstu nágrannalöndum og því réttlæt看legt að þeirra mati að viðhalda þessum frádráttarmöguleika auk þeirra jákvæðu áhrif sem frádrátturinn hefur á sparnað almennings.

Eina athugasemd Samtakanna við einstök ákvæði frumvarpsins lýtur að skilyrðinu um eignarhaldstíma hlutabréfanna í 1. másl. 4. mgr. b-liðar 5. gr. Þar er lagt til að hann verði fimm áramót í stað þriggja ára í gildandi lögum. Engin rök eru færð fyrir þessari breytingu og telja Samtökin hana ástæðulausa. Að öðru leyti gera Samtökin ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins og hvetja til þess að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt,


Gunnar Helgi Hálfðanarson,
formaður

Skrifstofa samtakanna:

Samband íslenskra viðskiptabanka · Austurstræti 5 · 101 Reykjavík · Sími: 525 6045 · Fax: 525 6119